

Nr. 17-027 S 017 Sæljós GK 2**Leki**

Skipaskr.nr. 1315
Útgerð: Útgerðarfélagið Styrmir ehf.
Smíðaður: Akureyri 1973 Eik
Stærð: 23,9 brl. 26 bt.
Mesta lengd: 15,8 m Skráð lengd: 14,74 m
Breidd: 4,35 m Dýpt: 2,02 m
Vél: Scania 214 kW 1987
Fjöldi skipverja: 1



Sæljós © Hfbyli&Skip

Gögn:
Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. mars 2017 var Sæljós GK 2 á netaveiðum í Breiðafirði um 2 sml norðvestur af Rífi. Veður: ANA 10-11 m/s, ölduhæð 1,5 m.

Skipstjórinn hafði lokið veiðum og var kominn á heimstím þegar hann varð við töluverðan sjó í lest og vélarúmi bátsins. Hann hafði samband við Vaktstöð siglinga og upplýsti um þá um ástandið. Óskaði hann eftir aðstoð. Saxhamar SH 50 var á veiðum rétt hjá og var fyrstur á vettvang en síðan kom Björgunarskipið Björg frá Rífi og dró bátinn til hafnar á Rífi. Þegar komið var að bryggju var öllum sjó dælt úr bátnum en enginn leki kom í ljós.

Þann 23. júní 2017 var björgunarsveitin Lífsbjörg á Rífi ræst út þar sem báturinn var sokkinn í höfninni. Í ljós kom að rafmagnsdæla sem hafnarstarfsmenn höfðu komið fyrir um borð hafði slegið út. Eftir að dælt var úr bátnum var hann dreginn upp í fjöru fyrir utan höfnina á Rífi.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn varð fyrst við sjó í lest þegar sjórinn var kominn upp fyrir fiskikörin sem stóðu á lestargólfinu;
- að sjór var einnig kominn í vélarúmið og við það fór rafmagnið af bátnum;
- að sögn skipstjóra lak sjór upp með stýrisstamma þegar báturinn var í þungum sjó en lensidælan í vélarúminu átti að hafa undan lekanum;



Gatið í veðurþilfarinu

- að við skoðun á bátnum kom í ljós gat, 8 x 16 cm að stærð, á veðurþilfari niður í lest við afturhluta lestarlúgukarms stb. megin. Fúi var í timbrinu við gatið;
- að fríborðið á stb. síðu var 30 cm upp í lensportið þar sem báturinn lá við bryggju;
- að bolskoðun á bátnum var gerð 18.09.2016 án þess að nokkrar athugasemdir væru gerðar um ástand hans;
- að búnaðarskoðun var gerð 7.12.2016;
- að hæffærisskírteini var gefið út 17.2.2017 og gilti til 26.5.2017. Það hafði síðan verið framlengt til 26.6.2017;
- að við skoðun voru þilin milli káetu í framskipi, lestar og vélarúms óþétt;
- að landað var úr bátnum 2.454 kg af fiski þegar komið var til hafnar;
- að í ljós kom við skoðun að búið var að víxla gúmmíbjörgunarbatunum þannig að sá sem var gerður fyrir sleppigálga var ekki í honum;
- að rangur frágangur var á gúmmíbjörgunarbatnum sem var í sleppigálga á brúarpaki en fangalína hans hafði ekki verið fest eins og vera ber.



Staðsetning á gatinu í þilfarinu



Fangalínan laus

Nefndarálit:

Orsök lekans er lélegt ástand bátsins.

Nefndin telur að báturinn hafi ekki verið hæf og dregur í efa að hann hafi verið það þegar hæffærisskírteinið var gefið út þann 17. febrúar 2017. Má þar einnig nefna rangan frágang á gúmmíbjörgunarbatnum.